



Reykjavík, 5. nóvember 2020

Opnun COVID deildar fyrir íbúa hjúkrunarheimila

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu hafa undanfarin misseri bent á þörf fyrir sérstakt úrræði til að sinna COVID smituðum íbúum hjúkrunarheimila. Aðstæður á sumum hjúkrunarheimilum eru með þeim hætti að ekki er með góðu móti hægt að tryggja öryggi allra íbúa og koma í veg fyrir hópsmit, ef íbúi hjúkrunarheimilis er smitaður inni á hjúkrunarheimilinu. Í slíkum tilvikum getur verið þörf á að flytja smitaðan íbúa á einangrunardeild, þar sem honum er veitt sérhæfð meðferð.

Heilbrigðisyfirvöld hafa brugðist vel við þessari ábendingu. Í gær var því gengið frá samningi við Sjúkratryggingar Íslands um opnun sérstakrar deildar fyrir COVID smitaða íbúa hjúkrunarheimila, sem verður til bráðabirgða staðsett í húsnæði Eirar. Með samningnum er verið að koma til móts við slík tilvik, sem og tryggja COVID smituðum íbúum heildræna og örugga heilbrigðisþjónustu á meðan á veikindum þeirra stendur.

Dótturfélag Eirar mun sinna verkefninu, í samvinnu við önnur hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni. Félagið hefur þegar lýst því yfir gagnvart heilbrigðisyfirvöldum að það muni ekki geta sinnt verkefninu lengur en til 28. janúar nk. Það er á ábyrgð heilbrigðisyfirvalda að tryggja að sambærilegt úrræði fyrir íbúa hjúkrunarheimila að að þeim tíma loknum, enda nauðsynlegt að slíkt úrræði sé til staðar á meðan COVID – 19 faraldurinn geysar.

F.h. Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Eybjörg Hauksdóttir, framkvæmdastjóri